



Samráðsgátt Stjórnvalda
Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli v. Lindargötu
101 Reykjavík

Reykjavík, 18. febrúar 2026

Efni: Umsögn ASÍ og SA vegna áforma um breytingar á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða), mál nr. S-35/2026

Aðilar vinnumarkaðarins, Alþýðusamband Íslands og Samtök Atvinnulífsins, hafa tekið til umfjöllunar áform um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Meginefni breytinganna er aukið vægi skynsemisreglu við eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða og að sama skapi verði dregið úr vægi magnbundinna takmarkana. Aðilar vinnumarkaðarins taka undir sjónarmið sem búa að baki þeim áformum.

Almennt um grundvöll og stjórnkerfi almennra lífeyrissjóða

Vegna þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið m.a. í sérriti Seðlabanka Íslands og úttekt Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um nauðsyn þess að samhliða breytingum á fjárfestingarheimildum verði gerð breyting á stjórnarháttum og stjórnkerfi lífeyrissjóðanna, vilja aðilar vinnumarkaðarins áréttta afstöðu sína varðandi þá þætti. Íslenska lífeyriskerfið er skilgetið afkvæmi vinnumarkaðarins. Um lífeyriskerfi launafólks á Íslandi hefur verið samið í kjarasamningum aðila frá árinu 1969¹. Því samkvæmt eru lífeyrissjóðir ekki hefðbundnar fjármálastofnanir heldur byggja þeir á félagslegum grunni og eru grunnstoð í afkomutryggingakerfi launafólks eftir að starfsævi lýkur. Lífeyrissjóðir eru þannig ólíkir fjármálastofnunum þar sem meginmarkmið þeirra er að tryggja réttindi sjóðfélaga.

Mikilvægi verkalyðshreyfingarinnar og atvinnurekenda í uppbyggingu og eflingu lífeyrissjóða fyrir launafólk hér á landi er óumdeilanlegt. Lífeyrisréttindi eru óaðskiljanlegur hluti umsaminna kjara og stjórnkerfi lífeyrissjóðanna á almennum vinnumarkaði endurspeglar þá áherslu í kjarasamningum um lífeyrismál, að rekstur og gæsla sjóðanna er á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launafólks.

Stjórnkerfi sjóðanna byggir á fulltrúalyðræði og jafnræði launafólks og atvinnurekenda við skipan stjórnna. Umsamið kjarasamningsbundið fyrirkomulag viðheldur sömuleiðis mikilvægum tengslum aðila vinnumarkaðarins við lífeyrissjóðakerfið og tryggir áframhaldandi ábyrgð þeirra á viðhaldi og þróun þess. Þessi tengsl hafa skilað sér í því að hér á landi hefur verið byggt upp almennt sjálfbært samtryggingarkerfi með sjóðasöfnum þar sem öllum launamönnum er tryggður jafn aðgangur óháð þáttum eins og kyni, aldri, heilsufari og fjölskylduaðstæðum. Þetta

¹ Sjá alla kjarasamninga um lífeyrismál: <https://asi.is/stefna-asi/lifeyrismal/samningar-um-lifeyrismal/>



er ekki sjálfgefið og hefur skapað vandamál hjá mörgum nágrannaþjóðum okkar sem glíma við vanda vegna þungra lífeyrisbyrða sem að óbreyttu munu leggjast á komandi kynslóðir.

Aðilar vinnumarkaðarins leggja áherslu á að frjálsir kjarasamningar séu virtir, þar á meðal það stjórnskipulag lífeyrissjóða sem mótað hefur verið á grundvelli þeirra.

Stakar ábendingar:

- **Um kröfur til tryggingastærðfræðinga**

Í áformum koma fram hugmyndir um að breyta kröfum til tryggingastærðfræðinga lífeyrissjóða til samræmis við kröfur sem gerðar eru til þeirra hjá váttryggingafélögum og í starfstengdum eftirlaunasjóðum. Starfstengda eftirlaunasjóði er ekki að finna á Íslandi. Ljóst er af umsögnum lífeyrissjóða að þeir telja illgerlegt að mæta slíkum kröfum nema með þeim hætti að innvista starfsemi tryggingastærðfræðinga. Slík ráðstöfun er að mati aðila vinnumarkaðarins óskynsamleg. Í fyrsta lagi er ljóst að ráðning tryggingastærðfræðings hjá hverjum sjóði yrði óþarflega kostnaðarsöm auk þess sem óljóst er hvort gerlegt sé fyrir alla sjóði að ráða til sín eigin tryggingastærðfræðing m.t.t. fjölda þeirra. Í öðru lagi er starfsemi váttryggingafélaga og lífeyrissjóða ólík, enda breytist rekstrarumhverfi og verðlagning sem byggir á tryggingafræðilegri úttekt mun hraðar í starfsemi váttryggingafélaga heldur en lífeyrissjóða. Þá eru lífeyrissjóðir hvorki með skuldsettar fjárfestingar né rekstur sem er næmur fyrir sveiflum auk þess sem áhættuþættir eru almennt þekktir. Einu skuldbindingar lífeyrissjóða eru gagnvart sjóðfélögum í formi lífeyrisskuldbindinga. Aðilar leggja til að ráðuneytið endurskoði þessi áform.

- **Eftirlitsgjald**

Í mati á áhrifum lagasetningar kemur fram að mögulega verði eftirlitsgjaldinu sem eftirlitsskyldir aðilar greiða Fjármálaeftirlitinu breytt. Í því samhengi leggja aðilar áherslu á að tryggt sé að gjaldið sé í samræmi við kostnað vegna eftirlits og að gætt sé meðalhófs við gjaldtökuna. Fjármunir greiddir í eftirlitsgjald nýtast ekki til að greiða lífeyri.

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Ísak Einar Rúnarsson

F.h. Alþýðusambands Íslands

Þórir Gunnarsson